

Reykjavík, 27. september
2016
R16090063
6631

Borgarráð

Þróttsvæði, deiliskipulagsvinna

Lagt er til að hafin verði deiliskipulagsvinna við svæðið kringum Þrótttheima, sem afmarkast af Sæbraut, Hólmasundi og Holtavegi. Í framhaldi af því verði húsið Holtavegur 11 selt ásamt mögulegum byggingarrétti sem verður til við skipulagsvinnuna. Jafnframt verði þeirri starfsemi sem nú er í Þróttheimum fundinn annar staður.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. nóvember 2015 að setja Holtaveg 11, Þrótttheima á sölulista ásamt því að fela skrifstofu eigna og atvinnuþróunar undirbúning söluférlis. Forsenda þess að hægt sé að selja húsið er að svæðið umhverfis það verði deiliskipulagt auk þess sem að starfseminni í húsinu verði fundinn annar staður. Með samþykkt þessari felur borgarráð umhverfis- og skipulagssviði að hefja undirbúning nýs deiliskipulags fyrir svæðið í samvinnu við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar. Mun eignasjóður greiða fyrir deiliskipulagsvinnunna sem síðan dregst frá söluandvirði húss og byggingarréttar. Jafnframt er íþrótta- og tómstundasviði falið að finna starfseminni annan stað. Í því sambandi skal horfa til þess hvort að henni megi koma fyrir í nýjum mannvirkjum sem fyrirhugað er að rísi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

S. Björn Blöndal
e.u.

